

4. mars 2021 | Aðsent efni | 587 orð | 1 mynd

Framlög Íslands til þróunarsamvinnu, flóttafólks og hælisleitenda

Eftir Diljá Mist Einarsdóttur

Eftir Diljá Mist Einarsdóttur: "Þörfin á því að fjármunir Íslands til þróunarsamvinnu séu vel nýttir og gagnist þeim sem mest þurfa á þeim að halda hefur í raun aldrei verið meiri."

Við Íslendingar erum lánsamir að búa í friðsælu lýðræðisríki þar sem mannréttindi eru virt og almenn velsæld ríkir. Flest erum við sammála um að leggja okkar af mörkum til að svara sárrí neyð þar sem átök geisa og til uppbyggingar í fátækari ríkjum. Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu, en framlagi okkar þar er ætlað að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð. Hluti af því framlagi okkar er móttaka flóttamanna á ári hverju en með henni uppfyllum við alþjóðlegar skuldbindingar okkar til að veita þeim vernd sem hingað leita vegna ofsókna í heimalöndum eða ríkisfangsleysis. Þróunarsamvinna og úrræði vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og kvótaflóttafólks tengjast því að þessu leyti. Það er mikilvægt að við tökum vel á móti fólki sem er á flotta undan raunverulegum ógnum. Aðeins þannig fær það í raun tækifæri til að festa hér rætur og leggja sitt af mörkum til samfélagsins, öllum til hagsbóta.



Diljá Mist Einarsdóttir

Ágallar á íslenska hælisleitendakerfinu

Samkvæmt verklagsreglum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC) sem Ísland á aðild að rennur hluti af heildarframlögum til þróunarsamvinnu til þjónustu við hælisleitendur og móttöku kvótaflóttafólks. Þetta hlutfall fór stíghækkandi í takt við mikla fjölgun hælisumsókna hérlandis, en nýlegar reglur frá OECD DAC leiddu til þess að hlutfallið lækkaði aftur. Innleiðing nýrra reglna leiddu hins vegar til yfirgripsmikillar vinnu í utanríkisráðuneytinu við greiningu kostnaðar við þjónustu við hælisleitendur og kvótaflóttafólk.

Meðal vandkvæða sem komu upp við yfirferð reikninga og samninga vegna kostnaðarins voru þau að hælisleitendur fá nokkrar mismunandi kennitölur við komuna til landsins, t.a.m. eina frá Útlendingastofnun og aðra frá lögreglunni. Vinna er hafin við einföldun þessa kerfis, en nú er illmögulegt að hafa fulla yfirsýn yfir útgjöldin. Yfirferð gagna um margvísleg útgjöld vegna hælisleitenda vakti einnig ýmsar spurningar um meðferð opinbers fjár og gagnsæi í þessum málaflokki. Sem dæmi um útgjaldaliði sem voru yfirfarnir má nefna lyf, sálfræðiþjónustu, sjúkra- og iðjubjálfun, gleraugu og heyrnartæki og aksturskostnað. Er þá ótalinn kostnaður við framfærslu og húsnæði. Ljóst er að kostnaður við heilbrigðisþjónustu við hælisleitendur er stór útgjaldaliður, en þar með talinn er kostnaður við ýmsa sérlækna. Ég hef áður skrifað um endurskoðun hælisleitendakerfisins hérlandis en mér þykir ljóst að það sé haldið ýmsum ágöllum sem við hljótum að vilja bæta úr.

Að nýta fjármunina þar sem mest er þörf

Árið 2019 voru útgjöld ríkisins vegna hælisleitenda hátt í 4 milljarðar ISK en 867 einstaklingar sóttu hér um hæli það ár. Af þessari fjárhæð voru um 800 milljónir flokkaðar sem þróunarsamvinna samkvæmt reglum þar um. Til þess að setja þessar fjárhæðir í samhengi við verkefni Íslands í þróunarsamvinnu á vettvangi, þá kostar um 4 milljónir ISK að veita 1.000 manns aðgang að heilnæmu vatni og salernisaðstöðu í samstarfslöndum Íslands í Afríku. Þar er einnig hægt að grunnbólusetja yfir 1.700 börn fyrir sömu fjárhæð eða 4 milljónir ISK.

Það er staðreynd að umsóknum um alþjóðlega vernd hefur fjölgað verulega undanfarin ár og hælisleitendur sömuleiðis. Það þýðir samt ekki að slaka megi á faglegum kröfum sem við gerum við ráðstöfun opinbers fjár og að fullkomið jafnræði og gagnsæi ríki við útdelingu þess. Það á ekki síst við um þróunarsamvinnu en framlög til hennar eru ekki óþrjótandi. Á þeim vettvangi hefur heimsfaraldurinn snúið margra áratuga ávinningi og ákall eftir mannúðaraðstoð er sterkt, milljónir draga fram lífið við hungurmörk og hungursneyð er víða yfirvofandi. Þörfin á því að fjármunir Íslands til þróunarsamvinnu séu vel nýttir og gagnist þeim sem mest þurfa á þeim að halda hefur í raun aldrei verið meiri.

Höfundur er aðstoðarmaður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og fulltrúi utanríkisráðuneytisins í flóttamannanefnd. dilja@mfa.is